

# Fundur í fjallskilanefnd Landbrots- og Miðafréttar

20. júní 2016 kl. 21:00. Haldinn á Kirkjubæjarstofu.

Mætt voru: Eyþór Vald, Valmundur Guðmunds og Fanney Ólöf sem ritaði fundargerð.

## Gróðurskoðunarferð

Laugardaginn 18. júní 2016 fór Gróðurverndarnefnd Vestur-Skaftafelssýslu og héraðsfulltrúi Landgræðslunnar í gróðurskoðunarferð á Landbrots- og Miðafrétt. Sverrir Gíslason var fenginn sem bílstjóri. Niðurstaða ferðarinnar var sú að í lagi sé að fara með fé eftir viku, þ.e. laugardaginn 25. júní nk. Fjallskilanefndin samþykkir þann dag. Ákveðið að senda tölvupóst til bænda og óska eftir staðfestingu á móttöku tölvupósts.

Formanni falið að hafa samband við sveitarstjóra vegna vegarins inn í Leiðólfssfell sem er ófær og þarfnaðst viðgerðar.

## Fjallskil 2016

Rætt um fjallskil vegna haust 2016. Það þarf að leita eftir upplýsingum hjá sveitarstjórn um daggjald og fjártölur. Fjallkóngar verða áfram þeir sömu og á síðasta ári, þ.e. Sverrir Gíslason Kirkjubækarklaustri II fjallkóngur á Miðafrétti og Sigurjón Fannar Ragnarsson fjallkóngur á Landbrotsafrétti. Ákveðið að réttarstjórar í Skaftárrétt laugardaginn 10. september verði fjallkóngar Landbrots- og Miðafréttar. Byrjað skal að rétta kl. 9:00.

Sigurður Hörgslandi II sér um að flytja fé milli Skaftárréttar og Fossréttar eins og verið hefur mörg undanfarin ár.

Formanni falið að gera drög að fjallskilaseðli þar sem gera á ráð fyrir að fækka smöllum á Landbrotsafrétti í 12.

Brýna þarf fyrir landeigendum lögbýla að láta vita tímanlega ef þeir ætli ekki að útvega smala fyrir sitt lögbýli. Þetta þarf að koma mjög skýrt fram í texta í fjallskilaseðli. Ákveðið að skoða fjallskilasamþykkt hvort leyfilegt sé að sekta lögbýliseigendur ef þeir sinna ekki þessari skyldu sinni.

## Smölun heimalanda

Rætt um smölun heimalanda og rætt um að hafa svipað fyrirkomulag með smölun í Skál og Á og á síðasta ári en þá sá Sverrir Gíslason um að fá smala. Rætt um hvort það borgi sig ekki að smala þetta svæði á tveimur dögum en ekki einum eins og gert hefur verið.

Þórarinn Bjarnason hefur séð um skipulagningu smalamennsku á Hraunsmelum og Lækjum og hefur það gengið mjög vel þannig.

## Girðingarmál

Það er til girðingarefni frá í fyrra sem verður nýtt í Holtsgirðinguna. Kaupa þarf spenna, sólarspegil, spennustilli og fleira tilheyrandi til að koma rafmagni á Holtsgirðinguna. Kostnaður er um kr. 200.000 samkvæmt upplýsingum frá Landgræðslunni. Ákveðið að leita til Einars Bjarnasonar um uppsetningu spennis og spegils og fá hann jafnframt sem umsjónaman með niðurtöku í haustin og uppsetningu á vorin.

Formanni falið að hafa samband við sveitarstjóra í sambandi við girðingarefniskaup í lítið birgi á Kringlum á Miðafrétti.

## Landbótaáætlun / Afgreiðsla Landbótasjóðsumsóknar

Sótt var um að fá styrk til að kaupa áburð á 80 ha og fékkst kr. 1.000.000 í styrk. Alls fengust 20 áburðarsekkir fyrir þá fjárupphæð. Áburðardreifing skiptist þannig árið 2016: Miðafréttur 10 sekkir (Geldingadalir) og Austursíðuafréttur 10 sekkir (Miklafell). Ekki verður borið á Landbrotsafrétt þetta árið. Eyþór Valdimarsson sér um að fá bændur með sér á Miðafrétt til áburðardreifingar. Formaður hefur samband við formann Austursíðuafréttar vegna áburðardreifingar þar.

## Afréttur árið 2017

Rætt um hvenær skuli farið í I. safn 2017. Fjallskilanefnd hefur ákveðið að stefnt skuli að því að farið verði í I. safn 2017 briðjudaginn 5. september og að öllu forfallalausu yrði þá réttað laugardaginn 9. september.

## Lögréttin og birgið

Rætt um ástand lögréttarinnar og nauðsyn þess að byrja á viðhaldi hennar.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið.  
Fanney Ólöf Lárusdóttir